

Ed.

45. Frumvarp til laga

[42. mál]

um gróðurvernd og landgræðslu.

Flm.: Arnór Sigurjónsson.

I. KAFLI

Um markmið og stjórn Landgræðslu Íslands.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er:

1. Að koma í veg fyrir eyðingu á gróðri og jarðvegi.
2. Að græða upp og rækta sanda, mela, aura og önnur gróðurvana lönd til aukinna landsnytja.

2. gr.

Stofnun sú, er annast gróðurvernd og landgræðslu samkv. lögum þessum, heitir Landgræðsla Íslands. Skal aðsetur hennar vera Gunnarsholt á Rangárvöllum.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála. Hann skipar landgræðslustjóra, er annast framkvæmd þeirra. Landgræðslustjóri skal auk venjulegs búnaðarnáms hafa lokið háskólaprófi í fræðum um gróðurvernd og græðslu lands. Honum til aðstoðar skal vera fulltrúi, er einnig hefur háskólapróf í þessum fræðum eða hefur á annan hátt sýnt kunnáttu sína þeim. Landbúnaðarráðherra skipar enn fremur landgræðsluverði, að fengnum tillögum landgræðslustjóra.

4. gr.

Laun landgræðslustjóra, fulltrúa hans svo og landgræðsluvarða skulu greidd úr ríkissjóði. Skulu laun landgræðslustjóra vera samkv. 26. launaflokki, en fulltrúa hans samkv. 24. launaflokki, enda skoðast starf hans sem deildarstjórastarf. Allur skrifstofukostnaður svo og ferðakostnaður skal einnig greiddur úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Um heftingu sandfoks og græðslu örfoka lands.

5. gr.

Landgræðslustjóri skal með aðstoð landgræðsluvarða hafa eftirlit með landi því, sem þegar hefur verið tekið til græðslu, svo og því landi í byggð og á afrétti, sem komið er í sand eða hætta er á að eyðist, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til varnar.

Hann skal einnig ásamt landgræðsluvörðum hafa eftirlit með öllum afréttarlöndum að því er varðar gróður og beit. Ef hann telur hættu á, að land kunnist að fara í örtröð eða gróðri hnigni sökum ofbeitar, skal hann gera tillögur til varnar því og leggja þær fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands til umsagnar, en síðan sé þeim vísað til landbúnaðarráðuneytisins og hlutaðeigandi sýslunefnda.

6. gr.

Landgræðslan skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem tekið er til græðslu til heftingar sandfoks:

1. Með því að landeigendur afsali sér landinu með samningi í hendur landgræðslunnar til svo langs tíma sem þurfa þykir að álitu landgræðslustjóra, en hafa skulu landeigendur forgangsrétt að landsnytjum gegn sanngjörnu gjaldi, er svo fer fram um græðsluna, að landgræðslustjóri telur slíkt ráðlegt.

2. Með eignarnámi, ef nauðsynlegur umráðaréttur fæst ekki með öðru móti. Fer þá um eignarnám samkv. ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

7. gr.

Ef eigandi eða ábúandi jarðar vill fá grætt í landareign sinni uppblásturs-
svæði, sem ekki hefur verið tekið til græðslu samkvæmt 6. gr., skal hann senda
Landgræðslu Íslands beiðni um það og lætur fylgja greinilega skýrslu um allar
aðstæður, og skal skýrslan staðfest af hlutaðeigandi héraðsráðunaut í jarðrækt.
Skal þá landgræðslustjóri athuga landið, eða láta trúnaðarmenn sína athuga það, og
gera síðan tillögur um framkvæmd verksins og taka ákvörðun um það. Kostnaður
við girðingu, græðslu og viðhald landsins skal að $\frac{2}{3}$ greiddur úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{3}$
af landeiganda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslu fengin fyrir því, að landeigendur
greiði sinn hluta kostnaðarins. Arði af landgræðslusvæðinu skal varið til greiðslu
á kostnaði við græðsluna í hlutfalli við framlög aðila, þar til afhending hefur farið
fram samkv. 12. gr. Ef greiðsla á gjaldi því, sem landeiganda ber að greiða, er
látin ógreidd, getur landgræðslustjóri með samþykki ráðherra látið taka uppblástur-
urssvæði eignarnámi samkv. 6. gr.

8. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að landgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka
efni til afnota við græðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, leir fræ og annað, sem
þurfa þykir. Þó skal ekki taka efni þannig, að landsspjöll verði að, nema brýna
nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samn-
ingar hafa ekki komizt á.

9. gr.

Ef sett er girðing fast við landgræðslugirðingu eða áföst henni, skulu á henni
verið hlið eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að landgræðslu-
girðingunni og fara með henni til eftirlits.

10. gr.

Landgræðslugirðingar skulu minnst vera sexfaldar gaddavirsgirðingar eða úr
öðru efni jafntryggu til vörzlu. Þær skulu vera svo vandaðar að frágangi, að þær
séu vel fjárheldar.

Ef eigi verður hjá því komizt að leggja landgræðslugirðingu yfir alfaraleið,
skal vera hlið á girðingunni, og skal það vera ristarihlið, ef um verulega umferð
er að ræða, nema hentara þyki að girða meðfram veginum. Skylt er vegfarend-
um að loka hliðum, sem til þess eru gerð. Varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti er umferð stranglega bönnuð um öll landgræðslusvæði nema með
leyfi landgræðslustjóra og hlutaðeigandi landgræðsluvarðar, og varðar sektum, ef
út af er brugðið. Ef girðing skaddast eða slaknar, svo að hætta er á, að hún
haldi eigi fé, skal sá, er þess verður var, gera hlutaðeigandi landgræðsluverði að-
vart um gallana.

11. gr.

Ef búfénaður kemst inn á landgræðslusvæði, sem girt er fullgildri og ógallaðri
girðingu, skal hlutaðeigandi sandgræðslvörður tilkynna það eigendum fjárins. Ef
sömu skepnurnar komast þrásinnis inn á svæðið, og verði göllum á girðingu eigi um
kennt, getur landgræðslvörður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga
skepnunum og komi afurðum þeirra í verð. Landgræðsla Íslands greiði síðan það,
sem á kann að vanta, að eigendur fái fullt verð. Ef ágreiningur ris um þetta, skal
úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

12. gr.

Þegar land, sem Landgræðsla Íslands hefur tekið til græðslu með frjálsum sam-
komulagi, er svo gróið, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi landgræðslu-
unnar, skal heimilt að afhenda það aftur eigendum þeirra jarða, sem í hlut eiga,

en setja skal landgræðslustjóri þá reglur um notkun landsins og hafa eftirlit með því, ef þurfa þykir.

Ef ríkissjóður selur land, sem tekið hefur verið til landgræðslu, skal eigandi jarðar þeirrar, er landið hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt að því. En ef hann notar eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 40 frá 5. apríl 1948, um forkaupsrétt á jörðum.

Ef ríkið á land það, sem tekið hefur verið til landgræðslu, getur Landgræðsla Íslands afhent það ábúendum, ef landið hefur áður verið í notum einstakra bænda, eða sveitarfélögum, ef landið hefur áður verið í notum sveitarfélaga, enda skal sveitarfélögum skylt að taka við landinu með þeim kvöðum, sem því fylgja samkv. lögum þessum.

13. gr.

Ef uppblástur byrjar að nýju, eftir að landeigandi hefur fengið landið til umráða og afnota samkv. 12. gr., þá er honum skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Ef hann vanrækir nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur landgræðslustjóri rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

III. KAFLI

Um athugun á beitolöndum, gróðurvernd og ítölu.

14. gr.

Landgræðsla Íslands skal hafa eftirlit með því, hvernig beitolönd eru nytjuð, jafnt í afrétti sem heimahögum, og gæta þess, að gróður eyðist ekki fyrir ofbeit eða aðra óskynsamlega meðferð manna, svo sem að eigi sé skilið við stór opin flög við vegagerðir eða aðrar umbyltingar á landi. Hún skal einnig athuga vandlega allar skemmdir á landi við náttúruhamfarar og gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að við þær sé gert, hvarvetna þar sem því verður við komið.

15. gr.

Héraðsráðunautum skal skylt að gefa Landgræðslu Íslands árlega skýrslu um fjölda búfjár, er í afréttum gengur, og gera jafnframt grein fyrir því, hvar þeir telji mesta hættu á, að afréttir séu ofsetnar.

16. gr.

Ef eftirlit það, er um getur í 14. og 15. gr., leiðir í ljós, að hætta sé á gróðurskemmdum og jafnvel uppblæstri sökum ofbeitar, skal Landgræðsla Íslands tilkynna það skjállega sýslunefnd þeirri, er í hlut á, og leggja fram tillögur til úrbóta. Verði daufheyrzt við þeim tillögum, skal málið lagt fyrir landbúnaðarráðherra, er ákveða skal í samráði við landgræðsluna, hvað gera skuli.

17. gr.

Ef eftirlit landgræðslunnar leiðir í ljós, að hætta sé á gróðurskemmdum í heimahögum einstakra jarða eða sveita, skal það fyrst rætt við eigendur jarðanna eða sveitarfélögin, ef það varðar sveitina alla, og tillögur lagðar fram til úrbóta. Ef það ber ekki árangur, skal málið lagt fyrir landbúnaðarráðherra á sama hátt og þegar hætta er á gróðurskemmdum á afréttarlöndum.

18. gr.

Ef landgræðslustjóri telur hættu á gróðurskemmdum á afréttarlöndum eða heimahögum, getur hann, eftir að eigi hefur náðst samkomulag um aðrar aðgerðir, gert kröfu um ítölu, og fer þá um það samkv. ákvæðum laga nr. 39 frá 23. maí 1959.

19. gr.

Heimilt skal að skipa í sýslu hverri 5 manna landgræðslunefnd til samvinnu við Landgræðslu Íslands. Skal sú nefnd þá annast það hlutverk, sem ætlað er sýslunefnd skv. 16. gr.

IV. KAFLI

Tilraunastarf og rannsóknir.

20. gr.

Rannsóknir og tilraunastörf í þágu Landgræðslu Íslands skulu faldar tilraunaráði jarðræktar eins og önnur mál, er jarðrækt varða. Landgræðslustjóri skal eiga sæti í tilraunaráði.

21. gr.

Tilraunir og athuganir í þágu landgræðslu til þess að afla þar hagnýtrar fræðslu skulu gerðar í Gunnarsholti og á öðrum þeim stöðum, er bezt henta.

V. KAFLI

Um græðslu ógróins og gróðurlítills lands.

22. gr.

Landgræðsla Íslands skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og búnaðardeild Atvinnudeildar háskólans gera fyrir árslok 1965 tíu ára áætlun um eflingu gróðurs gróðurlítilla og ógróinna landssvæða í heimahögum og afrétti, og skal Landgræðslu Íslands falið að græða þau fyrir árið 1975. Þau landssvæði skulu að öðru jöfnu ganga fyrir, þar sem auðveldast er til græðslu, og þar næst þau, þar sem landþrengst er til búskapar og beitar.

23. gr.

Um öflun umráðaréttar á landi til græðslu samkv. 22. gr. gilda sömu ákvæði og um það land, sem tekið er til græðslu samkv. II. kafla þessara laga, um heftingu sandfoks og græðslu örfoka lands. Einnig skulu girðingar vegna þess lands, sem tekið er til græðslu samkv. 22. gr., hlíta sömu ákvæðum og sandgræðslugirðingar. En heimilt skal landgræðslustjóra að taka land til græðslu með sáningu og áburði eða með áburði einum svo og með áveitu án þess að girða landið, ef athuganir leiða í ljós, að slíkt er vænlegt til árangurs.

24. gr.

Bændur, félag einstakra bænda eða hreppsfélög geta efnt til landgræðslu í samráði við Landgræðslu Íslands. Skal þá landgræðslustjóri eða hlutaðeigandi landgræðsluvörður stjórna öllum framkvæmdum við græðsluna, og skal landið vera í vörzlu og umsjá landgræðslunnar eins lengi og landgræðslustjóri telur nauðsynlegt.

Um kostnað við þessa landgræðslu og afhendingu lands að lokinni græðslu gildir hið sama og um græðslu uppblásturssvæða samkv. 7., 12. og 13. gr. II. kafla þessara.

VI. KAFLI

Um öflun fjár til landgræðslu.

25. gr.

Meðan 10 ára áætlun sú um landgræðslu, sem fyrir er mælt í 22. gr, er framkvæmd, skal rikissjóður auk launa fastra starfsmanna og skrifstofukostnaður Landgræðslu Íslands leggja fram fast árlegt framlag til landgræðslunnar, að upphæð 5 millj. króna miðað við verðlag 1964 og að viðlagðri hækkun framfærsluvísitölu hvers árs frá 1. janúar 1965.

Enn fremur skal lagður 15% verðtollur á alla fóðurvöru, er til landsins flyzt, og skal landgræðslan fá allan þann toll til ráðstöfunar.

VII. KAFLI Ýmis ákvæði.

26. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 200—20000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem önnur opinber mál.

27. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um landgræðsluna eða einstök atriði hennar samkv. lögum þessum.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 6 frá 15. febr. 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun og heftingu sandfoks og sandgræðslu, lög nr. 18 frá 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 frá 10. nóv. 1943, um breyting á lögum nr. 18 frá 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

29. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1965.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er ekki nýr gestur hér á Alþingi. Það er í öllum höfuðgreinum sama frumvarpið og Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri flutti á aðalþinginu 1958—1959 og þeir Gísli Guðmundsson og Björn Fr. Björnsson fluttu síðan á þingum síðasta kjörtímabils. Frumvarp þetta var upphaflega samið af millipinganefnd, sem skipuð var af þáverandi landbúnaðarráðherra, Hermannni Jónassyni, 24. júlí 1957, og áttu sæti í þeirri nefnd Björn Kristjánsson fyrrverandi alþingismaður og kaupfélagsstjóri á Kópaskeri, og var hann formaður nefndarinnar, Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi, Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri, Arnór Sigurjónsson og Páll Sveinsson sandgræðslustjóri. Nefnd þessi skilaði álit sínu í marzmánuði 1958, og flutti Steingrímur Steinþórsson óbreytt frumvarp það, er nefndin hafði samið. Frumvarpið kom seint fram á þinginu, og varð því ekki útrætt, enda voru stjórnarskipti og miklar breytingar á meðferð þingmála á næsta leiti.

Er núverandi landbúnaðarráðherra tók við stjórn landbúnaðarmálanna, kvaddi hann nefnd þá, er um mál þetta hafði fjallað, saman að nýju til viðræðu og athugunar á málinu. Bæði einstakir nefndarmenn og nefndin í heild (að undanskildum Steingrími Steinþórssyni) ræddi þá við ráðherra um málið, og var það samhuga vilji nefndarmanna að taka til greina allar þær tillögur, er ráðherra hafði fram að bera í málinu, líka þá tillögu til fjáröflunar sandgræðslunni, er allir nefndarmenn voru á móti að hugsun sinni og skoðun á málinu, að leggja ákveðið gjald á hverja selda vínflösku. En því gekkst nefndin undir það að gera þá tillögu að sinni tillögu, að hún hugði, að ráðherra mundi þá bera frumvarpið fram heils hugar, annaðhvort sem stjórnarfrv. eða fela landbúnaðarnefnd annarrar hvorrar deildar Alþingis að flytja það. Nefndin treysti þá ráðherra svo vel til þess að bera málið fram til sigurs og unni honum þess einnig svo vel að hafa allan veg af því, að formaður nefndarinnar, Björn Kristjánsson, lagði sig fram til að koma í veg fyrir, að aðrir yrðu til að flytja frumvarpið, hvort sem væri breytt eða óbreytt, enda fékk hann því frestað, þar til hann var vonlaus orðinn um, að ráðherra mundi flytja málið í nokkurri mynd.

Í hvert sinn, er málið var flutt á síðasta kjörtímabili, lét landbúnaðarráðherra á sér skilja, að verið væri að hlaupa fram fyrir sig, en þó kom það ekki fram opinberlega að hann hefðist nokkuð að. Þó hefur það vitnast, að hann hefur skipað tvær nefndir til að fjalla um málið, þá fyrri undir forsæti Pálma Einarssonar landnámsstjóra, hina síðari undir forsæti Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra. Um aðra nefndarmenn skal það eitt sagt, að sandgræðslustjóri var í fyrri nefndinni, en undirritaði ekki tillögur nefndarinnar, enda verður að telja eðlilegt, að hann gerði það ekki.

Flutningsmaður hefur haft fréttir af, að landbúnaðarráðherra mundi ef til vill hafa nokkurn hug á að flytja á þessu þingi frumvarp til nýrra laga um sandgræðslu, og hafði upphaflega ætlað sér að veita því frumvarpi stuðning sinn, jafnframt því að leggja fram tillögur til breytinga, þær sem hann teldi æskilegar. En er flutningsmaður hafði séð í uppkasti frumvarp þeirra nefnda, er landbúnaðarráðherra hefur skipað og kallað sér til hjálpar í málinu, og frétti um afskipti hans af þeim tillögum, er þar komu fram, taldi flutningsmaður sér skylt að bera fram sínar tillögur í frumvarpsformi.

Það skal tekið fram, að frumvarp þetta er að mestu leyti frumvarp það, er sandgræðslunefndin 1957—1958 samdi. Þó hefur flutningsmaður tekið upp í þetta frumvarp tvær tillögur, er hann bar fram í sandgræðslunefndinni á sínum tíma, en þá voru báðar felldar þar af meiri hluta nefndarmanna. Önnur tillagan er, að stofnun sú, er annast gróðurvernd og græðslu lands, heiti Landgræðsla Íslands. Sú tillaga var felld í nefndinni með þeim rökstuðningi, að í henni fælist ágengni við Skógræktina. Nú hefur flutningsmaður saunfrétt, að skógræktarstjóri sé tillögu þessari hlynntur, og þá er röksemdin gegn henni fallin. Hin tillagan er sú, að 15% tollur verði lagður á innflutta fóðurvöru og þeim tolli varið óskiptum til landgræðslu. Þessi tillaga var á sínum tíma lögð fram í sandgræðslunefndinni frá 1957 af flutningsmanni og Árna G. Eylands með þeim rökstuðningi, að tollaívilnunum á innfluttri fóðurvöru væri beinlínis stefnt gegn innlendri fóðurframleiðslu, og þekktist slíkt ekki í nágrannalöndum, þar sem skilyrði til landbúnaðar væru svipuð og hér. Þannig hefðu t. d. Norðmenn mikla álagningu á innfluttri fóðurvöru og verðu þeir þeirri álagningu til þess að verðtryggja fóðurframleiðslu sína. — Tollur þessi á innflutta fóðurvöru er mjög lágur, eftir því sem tollar gerast hér á landi, enda hyggst flutningsmaður leggja síðar fram tillögur um stuðning við íslenzka kornrækt og grasmjòlsframleiðslu og sé tekna til þess aflað með því að leggja önnur 15% sem toll á innflutta fóðurvöru.